



Goðamót Þórs  
2012



*Handbók fyrir*  
**Goðamót Þórs**  
**2012**





# Goðamót Þórs 2012



## Dagskrá

### Föstudagur

15:00	Móttaka liða í Glerárskóla
15:30	Leikir hefjast
18:00-20:00	Matur
21:45	Fararstjóra og þjálfarafundur



### Laugardagur

06:45-09:30	Morgunmatur
08:00	Leikir hefjast
11:30-13:30	Grillaðar samlokur og safi fyrir þátttakendur í Hamri.
13:00-17:00	Brynjuís, lið velja tíma sjálf. Skráning hjá mótstjórni.
18:00-20:00	Matur
20:30	Fararstjóra og þjálfarafundur

### Sunnudagur

06:45-09:30	Morgunmatur
08:00	Leikir hefjast
10:30-13:30	Ávextir fyrir þátttakendur í Hamri.
16:00	Verðlaunaafhending og mótsslit í Boganum. <b>Goðagrill, pylsur og Coke fyrir utan Bogann að lokinni verðlaunaafhendingu.</b>



- Verðlaunaafhending fer fram strax að loknum úrslitaleikjum í hverjum flokki.
- Mælt er til þess að ró sé komin á svefnstað kl. 23:00.
- Sundlaug í Glerárskóla er opin: föstudag til kl. 21:00 - laugardag frá 9:00-19:00 og sunnudag 9:00-14:30 Lið sem eiga síðasta leik eftir lokun sundlaugar geta fengið að fara í sturtu í Hamri.

#### **Afslættir á vegum mótsins og önnur afþreying:**

- Í Sambíóunum geta keppendur fengið bíómiða, popp og gos á 1.100kr.
- Skautahöllin býður mótsgestum á skauta með skautaleigu á 500kr
- Í Paradísarlandi á Glerártorgi er leiktækjasalur fyrir yngri kynslóðina 500kr.
- Kaffi Jónsson býður keppendum að taka leik í keilu á 720kr.
- Lasertag Akureyri býður gestum mótsins leikinn á 750kr.

Í Glerárskóla er svo í boði að fara í pool og borðtennis og hægt er að nálgast kjuða og borðtennispaða hjá vaktmanni í skólanum. Það er sparkvöllur á skólalöð Glerárskóla sem keppendur geta nýtt sér ef þeir vilja meiri ennþá meiri fótbolta.

Við viljum svo benda keppendum og fararstjórum á að það er frítt og mjög auðvelt að taka strætó á milli staða hérna á Akureyri.





# Goðamót Þórs 2012



## Ýmsar upplýsingar

- **Mótsstjórn** hefur aðsetur á 2. hæð í Hamri og er alltaf hægt að ná í einhvern þar á meðan mótið stendur yfir.
- **Varsla í Glerárskóla.** Það er alltaf einhver á vegum mótsins við vörslu í Glerárskóla. Sími þess sem er í vörslunni er: **698-5054**.
- **Matur í Glerárskóla.** Við mælumst til þess að öll neysla matar í Glerárskóla fari fram í matsalnum á neðri hæð. Notkun samlokugrilla er eingöngu leyfð í matsal skólans, úti í horni við opinn glugga. Bannað er að nota samlokugrill í stofunum eða á göngum skólans.
- Það getur verið kalt í Boganum, hitastigið er um 10°C og því beinum við tilmælum til þjálfara og fararstjóra að þeir passi uppá krakkana á milli leikja.
- Hér fyrir neðan er að finna helstu **umgengnisreglur í Boganum** og biðjum við ykkur að fara eftir þeim.

### Nokkrar af umgengnisreglum Bogans.

1. Notkun tyggigúmmis er bönnuð í Boganum.
2. Það er stranglega bannað að hrækja og snýta sér í húsinu.
3. Neysla á matvöru er bönnuð í húsinu.
4. Mælt er til að eingöngu séu notaðir gervigrasskór á knattspyrnuvöllinum en knattspyrnskór með skrúfuðum tökkum eru bannaðir!
5. Að lokinni knattspyrnuæfingu skal hver iðkandi bursta af skóm og fatnaði með þar til gerðum burstum við útgang Bogans.
6. Öll tóbaks- og áfengisnotkun er stranglega bönnuð í Boganum.
7. Engin ábyrgð er tekin á verðmætum í búningsklefum eða sal.
8. Stranglega er bannað að fara á æfingar í húsinu á útiskóm. (Hafa með sér æfingaskóna)
9. Rusl skal setja í ruslafötur
10. **Vallarsvæði á Goðamótum er afmarkað með sérstökum borða og eiga allir áhorfendur að vera utan vallarsvæðisins. Einungis, dómari leiksins, leikmenn, þjálfarar og liðstjórar þeirra liða sem taka þátt í leiknum mega vera innan vallarsvæðisins.**





# Goðamót Þórs 2012



Gönguleið á milli Glerárskóla og Bogans/Hamars er ofan og aftan við stúku eins og sýnt er á kortinu. Það er stranglega bannað að klifra yfir girðingar og fara yfir völlinn.





*Goðamót Þórs*  
*2012*



# GLERÁRTORG





# Goðamót Þórs 2012



## Keppnisreglur

1. Keppt er á völlum sem eru 50 m x 34 m. Vítateigur er 8 m frá hvorri marksúlu og 8 m út á völlinn. Vítamerki er 8 metra frá miðri marklínu.
2. Leiktími er 2 x 15 mínútur og leikhlé er 2 mínútur.
3. Reglur KSÍ um 7 manna knattspyrnu gilda. Þær eru helstar:
  - a. Skiptingar eru frjálssar.
  - b. Upphafsspyrna skal tekin á miðju og heimilt að spyrna í hvaða átt sem er.
  - c. Leikmenn geta ekki verið rangstæðir.
  - d. Einungis eru beinar aukaspyrnur og skulu mótherjar vera a.m.k. 6 m frá.
  - e. Einungis markmenn í 6.fl. mega taka knöttinn með höndum eftir sendingu eða innkast samherja.
  - f. Knöttur skal vera kyrrstæður á jörðu þegar markspyrnur eru teknar.
4. Óheimilt er að leika í skóm með skrufutakka.
5. Skráning úrslita: úrslit leiks eru aldrei skráð með meiri markamun en þremur mörkum. Á dómarablöð eru skráð nöfn markaskorara.
6. Verði lið jöfn að stigum í riðlakeppni gildir gr. 21.4 í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
  - a. Það lið lendir ofar sem hefur unni innbyrðisviðureign.
  - b. Hlutkesti
7. Undanúrslita- og úrslitaleikir: Verði lið jöfn að venjulegum leiktíma loknum skal framlengja um 1 x 5 mínútur og gildir reglan um "Gullmark", ef enn er jafnt skal varpa hlutkesti. Þurfi að varpa hlutkesti skulu þjálfarar velja.



Verðlaunagripir.is





# Goðamót Þórs 2012



## Umgengnisreglur og upplýsingar um Glerárskóla og sundlaug Glerárskóla

### ➤ Skólinn

- Nota skal skóhillur sem merktar eru hverju liði fyrir sig
- Skólinn leggur kapp sitt á að flokka rusl, við skulum gera það líka
- Virðið verk nemenda í skólanum í stofum og á göngum
- Hlaup og eltingarleikir á göngum skólans eru ekki leyfðir
- Boltar eru alls ekki leyfðir innandyra
- Millistykki er að finna hjá vaktmanni
- Grill eru ekki leyfð inni í stofum né á gangi
- Bannað er að reykja í skólanum og á skólalóð
- Goða vaktmaður er ekki barnapía fyrir liðin ef fararstjórar þurfa að bregða sér frá
- Vaktmaður er með alla lykla ef vantar t.d. að læsa stofum, fá áhöld til að skera niður ávexti, ruslapoka, handþurrkur í stofuna ofl.
- Vaktmaður getur veitt aðgang að kjuðum og spöðum fyrir pool og borðtennisborð sem eru í kjallara skólans við matsalinn

### ➤ Sundlaug

- Fararstjórar hafi eftirlit með sínum liðum í sundlauginni
- Vinsamlega miðið við að vera ekki lengur en 30 mín í sundi
- Óskilamunir eru settir á aðalgang skólans
- Þau lið sem fara ekki í sund geta nýtt sér sturtuádstöðu í Hamri

### ➤ Matsalur

- Opinn liðum til að matast nema rétt í kringum morgunmat og kvöldmat
- Grill þurfa að vera staðsett undir opnum glugga vinstra megin í salnum þegar gengið er inn í salinn
- Þurrkið af borðum og sópið gólf ef þarf eftir að búið er að matast
- Matsalurinn er ekki leikvöllur keppenda
- Kaffi og te er í boði fyrir fararstjóra og þjálfara í matsalnum

*Höfum kurteisi, góða umgengni og hlýðni að leiðarljósi og þá er möguleiki á Goðabikarnum á sunnudeginum.*





# Goðamót Þórs 2012



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF







# Goðamót Þórs 2012



## Símaskrá

Hamar 461-2080

### Mótsstjórn

Birkir H. Björgvinsson 846-3113  
Eiður Arnar Pálmason 896-6782  
Haraldur Ingólfsson 824-2778  
Vignir Traustason 899-9914  
Varsla í Glerárskóla 698-5054

### Gjaldkeri

Eiður Arnar Pálmason 896-6782

### Ritstjórn/ljósmyndir

Rúnar H. Ingimarsson og Páll Jóhannesson

Glerárskóli 461-2666

Sundlaug Glerárskóla 462-1539

Læknavakt 848-2600

Skíðastaðir 462-2280

Sundlaug Akureyrar 461-4455

Keilan 461-1126

Paradísarland 460-3700

LaserTag Akureyri 462-1010

Leigubílar 461-1010

### Heimasíða Goðamóts:

[www.godamot.blog.is/godamot/](http://www.godamot.blog.is/godamot/)



Íslandsbanki





# Goðamót Þórs 2012



## Styrktaraðilar

Neðangreind fyrirtæki lögðu hönd á plóginn til að gera þetta mót að veruleika og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

